

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Smáfiskaskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka fisk eftir stærð í vörpunni, þannig að smærri fiskur skiljist lifandi úr vörpunni. Smáfiskaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef togveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smáfiskaskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smáfiskaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar með smáfiskaskilju á svæði þar sem notkun hennar er áskilin í reglugerð, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst. áður en veiðar hefjast. Ennfremur skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax þegar veiðum á svæðinu er hætt.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

VIÐAUKI I

Tegund skilju - SORT-X.

Lýsing á skilju

SORT-X skilja er gerð úr þremur stálgrindum, tveimur með a.m.k. 55 mm rimlabili og einni svokallaðri stoppgrind, sem er klædd með segldúk (PVC-dúk). Grindunum er komið fyrir í nethólki þar sem grindurnar eru saumaðar í hver á eftir annarri og koma í staðinn fyrir efra byrði nethólksins. Í nethólknnum er grindunum komið fyrir aftast, þannig að framan við grindurnar er framlenging. SORT-X skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindurnar eru úr ryðfríu stáli. Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Aftasta grindin er klædd segldúk. Fremri jaðar miðgrindarinnar er festur við afturjaðar fremstu grindarinnar, og aftasta grindin síðan við miðgrindina. Við jaðra grindanna eru festar flotkúlar til að veða á móti þyngd skiljunnar í sjó. Til að tryggja að skiljan dragist klár eru keðjur frá fremra horni í aftara horn grindanna báðum megin. Á efra byrði belgsins er allt net ofan við grindurnar fjarlæggt til að hleypa fiski út.

Ísetning skilju

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1500 x 1167 mm

Miðgrind: 1200 x 1167 mm

Aftasta grind: 1800 x 1167 mm

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 114 upptökur að ummáli og 39,5 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 9,5 metra langur nethólkur úr tvöföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 154 upptökur en fer niður í 114 upptökur á 41,5 síðum. Síðan kemur 20,5 síðna hluti þar sem ummálið er 114 upptökur.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1000 x 1167 mm

Miðgrind: 750 x 1167 mm

Aftasta grind: 1000 x 1167 mm

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 112 upptökur að ummáli og 26 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 7,5 metra langur nethólkur úr einföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 144 upptökur en fer niður í 116 upptökur á 53,5 síðum.